

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2001

frá 23. febrúar 2001

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2000 frá 27. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 264/2000 frá 3. febrúar 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar hagskýrslur yfir fjármál hins opinbera til skamms tíma⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96) í XXI. viðauka við samninginn:

„19da. **32000 R 0264:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 264/2000 frá 3. febrúar 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar hagskýrslur yfir fjármál hins opinbera til skamms tíma (Stjtið. EB L 29, 4.2.2000, bls. 4).“

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki um Liechtenstein.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 7, 11.1.2001, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 2, 11.1.2001, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 29, 4.2.2000, bls. 4.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 264/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

